

Nd. **519. Frumvarp til laga** [120. mál]
um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, sbr. lög
nr. 29 28. apríl 1966.
(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.
Í stað orðanna „sem í lögum nr. 68/1947 segir“ í 1. mgr. 6. gr. komi: sem
í lögum um eftirlit með skipum segir.

2. gr.
2. tölul. 8. gr. orðist svo: Ráðherrar og ráðuneytisstjórar.

3. gr.
Í stað „5. gr., 3. málsgr.“ í 13. gr. komi: 4. málsgr. 5. gr.

4. gr.
4. mgr. 20. gr. falli niður.

5. gr.
Í stað „20 000.00“ í 44. gr. komi: 100 000.00.

6. gr.
Í stað „20 000.00“ í 1. mgr. 48. gr. komi: 100 000.00.

7. gr.
Í stað „20 000.00“ í 54. gr. komi: 100 000.00.

8. gr.
Í stað „20 000.00“ í 55. gr. komi: 100 000.00.

9. gr.
Í stað „20 000.00“ í 2. tölul. 2. mgr. 59. gr. komi: 100 000.00.

10. gr.
Í stað „10 000.00“ í 3. tölul. 2. mgr. 80. gr. komi: 50 000.00.

11. gr.
Fyrirsögn XIV. kafla orðist svo: Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

12. gr.
111. gr. orðist svo:
Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

13. gr.
112. gr., sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, breytist sem hér segir:
a. Í stað „3 000.00“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 30 000.00.
b. Í stað „5 000.00“ í 2. mgr. komi: 10 000.00.
c. Í stað „1 000.00“ í 3. mgr. komi: 3 000.00.

14. gr.
Í stað „3 000.00“ í 3. tölul. 1. mgr. 113. gr. komi: 30 000.00.
4. mgr. 113. gr. falli niður.

15. gr.
Í stað „3. og 4. mgr. 113. gr.“ í 2. mgr. 114. gr. komi: 3. mgr. 113. gr.

16. gr.
Í stað orðanna „fulltrúi hans í héraði“ í 3. másl. 1. mgr. 143. gr. komi: fulltrúi hans í héraði og fyrir hæstarétti, sbr. 1. mgr. 181. gr.

17. gr.
Orðin „200—5000 krónur“ í 159. gr. falli niður.

18. gr.
160. gr. orðist svo:
Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

19. gr.
6. mgr. 174. gr. orðist svo:
Sakta skal kæranda fyrir tilefnislausu kæru. Sekt rennur í ríkissjóð.

20. gr.
Í stað „5 000.00“ í 2. og 4. tölul. 2. mgr. 175. gr. komi: 50 000.00.

21. gr.

Við 2. mgr. 179. gr. bætist: Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

22. gr.

Við 1. mgr. 181. gr. bætist: Saksóknari getur falið skipuðum fulltrúa sínum sókn máls fyrir hæstarétti, enda fullnægi hann lagaskilyrðum til skipunar í embætti saksóknara, og ber fulltrúinn þá allar skyldur saksóknara.

23. gr.

1. másl. 186. gr. orðist svo: Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós.

24. gr.

187. gr. orðist svo:
Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 29 28. apríl 1966 og laga nr. 75 27. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál laga nr. 82 21. ágúst 1961 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings.